



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 14. desember 2018

SFS2018110015

7.1

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 11. desember 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. desember 2018, um samning skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík ásamt drögum að samningi skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. desember 2018

Drög að samningi, ódags.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. desember 2018
SFS2018110015
150. fundur
HG/en

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík

Meðfylgjandi er samningur skóla- og frístundasviðs við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík. Markmið samningsins er að styrkja og efla sundkennslu fatlaðra grunnskólanemenda í Reykjavík. Núgildandi samningur, sem gerður var í janúar 2016, rennur út þann 31. desember nk.

Íþróttafélag fatlaðra býður grunnskólanemendum í Reykjavík, sem af einhverjum ástæðum geta ekki stundað sundnám í skóla, upp á sundkennslu í sundlaug Sjálfsbjargar við Hátún og í sundlauginni í Laugardal.

Hjá Íþróttafélagi fatlaðra starfa fjórir sundþjálfarar, íþróttakennarar og aðstoðarmaður og er nemendum skipt í hópa eftir aldri og færni. Í þeim tilvikum þar sem fleiri en fimm nemendur eru í tíma eru ávallt tveir kennarar með hópinn þar af annar ofan í sundlauginni. Um tuttugu til þrjátíu nemendur á grunnskólaaldri sækja að jafnaði æfingar á hverju ári hjá Íþróttafélagi fatlaðra og í lok vetrar gangast þeir undir sundpróf sé þess óskað af viðkomandi skóla.

Samkvæmt samningnum greiðir skóla- og frístundasvið Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík styrk, alls að fjárhæð kr. 3.000.000,- og skiptast greiðslur á þrjú ár, þ.e. kr. 1.000.000,- árið 2019, 2020 og 2021.

Samkvæmt samningnum tekur Íþróttafélag fatlaðra að sér að annast sundkennslu að lágmarki 15 reykvískra grunnskólanemenda á hverju ári samningstímabilsins. Fjárhæð styrksins helst óbreytt þótt nemendum í sundkennslu fjölgi og jafnframt ef félagið veitir nemendum sínum aukna þjónustu, umfram það sem kveðið er á um í samningi þessum.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, kt. 500775-0339, Hátúni 14, 105 Reykjavík, hins vegar, gera með sér svofelldan

SAMNING

1. gr.

Markmið samnings

Markmið samningsins er að styrkja og efla sundkennslu grunnskólanemenda í Reykjavík með fötlun og þroskafrávik.

2. gr.

Samstarf

- 2.1 Samningurinn felur í sér samstarf vegna sundkennslu Íþróttafélags fatlaðra fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík sem innritaðir eru í félagið árin 2019, 2020 og 2021.
- 2.2 Íþróttafélag fatlaðra ábyrgist að sundkennsla á vegum félagsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir sem áhrif kunna að hafa á slíka kennslu.
- 2.3 Miðað er við að Íþróttafélag fatlaðra annist á hverju ári samningstímabilsins sundkennslu að lágmarki 15 grunnskólanemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 2.4 Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík er heimilt að annast kennslu fleiri nemenda og veita meiri þjónustu en gert er ráð fyrir í gr. 2.1-2.3. Fjölgun nemenda eða aukin þjónusta félagsins hefur ekki áhrif á fjárhæð styrks skv. gr. 3.1. samningsins.
- 2.5 Dragi félagið úr kennslu eða þjónustu miðað við forsendur samningsins mun skóla- og frístundasvið endurskoða styrkfjárhæðina í samræmi við breyttar forsendur.

3. gr.

Greiðslur SFS

- 3.1 Vegna þjónustu skv. 2. grein styrkir skóla- og frístundasvið Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík um samtals kr. 3.000.000,- á samningstímabilinu, eða kr. 1.000.000,- árið 2019, kr. 1.000.000,- árið 2020 og kr. 1.000.000,- árið 2021.
- 3.2 Helmingur styrkfjárhæðar hvers árs skal inntur af hendi 15. maí ár hvert. Síðari helmingur styrkfjárhæðarinnar greiðist innan tveggja vikna frá því styrkþegi hefur skilað greinargerð skv. gr. 3.3 til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
- 3.3 Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík skal eigi síðar en 15. desember ár hvert skila greinargerð til skóla- og frístundasviðs um verkefni ársins. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjölda reykvískra nemenda í sundkennslu félagsins, helstu verkefni

ársins, listi yfir kennara sem annast hafa verkefnið og annað sem samningsaðilar telja nauðsynlegt að þar komi fram.

4. gr.

Upplýsingaskylda

Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík er skylt að veita skóla- og frístundasviði allar upplýsingar um starfsemi félagsins sem farið er fram á, svo sem um fjölda nemenda, aldur þeirra og búsetu og bókhald félagsins. Íþróttafélag fatlaðra skal veita skóla- og frístundasviði þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið framkvæmir eða lætur framkvæma og varða sundkennslu fatlaðra barna í Reykjavík.

5. gr.

Gildistími

Samningurinn þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021 og fellur úr gildi án sérstakrar uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

6. gr.

Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni Íþróttafélags fatlaðra að félagið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningi þessum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrktarloforð og/eða krefjast endurgreiðslu. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests.

Rísi ágreiningsmál út af efni og/eða túlkun samnings þessa skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, x. desember 2018.

F.h. skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík

Vottar að rétri dags., undirritun og

yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt
